



HJÚKRUNARFRÆÐINGAR Í NOREGI

FÆRRI KOMAST AÐ EN VILJA



ÞAÐ ER skortur hjúkrunarfræðingum um allan heim. Hjúkrunarfræðingar hér á landi hafa ekki farið varhluta af skortinum og geta hæglega sótt sér vinnu erlendis, þá einkum á Norðurlöndunum. Undanfarin ár hefur töluverður fjöldi íslenskra hjúkrunarfræðinga farið í afleysingastörf í skemmri tíma og þá aðallega til Noregs. Ástæðan er fyrst og fremst fjárhagslegur ávinningur en einnig er tilbreyting að vinna í nýju starfsumhverfi.

Frá árinu 2011 hafa yfir hundrað hjúkrunarfræðingar farið til Noregs á vegum Sólstaðna sem sérhæfa sig í að útvega heilbrigðisstarfsfólki afleysingastörf til lengri eða skemmri tíma. Að sögn Rósu Þorsteinsdóttur, gjörgæsluhjúkrunarfræðings og framkvæmdastjóra Sólstaða, komast færri að en vilja en eftirspurnin er mest eftir sérhæfðum hjúkrunarfræðingum. Aðsóknin hefur aukist frá ári til árs en alls fóru 56 hjúkrunarfræðingar í 78 ferðir árið 2015. Þeim sem á þurfa að halda er boðið upp á undirbúningsnámskeið í norsku með áherslu á talmál. „Það útskrifast ekki nægilega margir hjúkrunarfræðingar til að uppfylla þá þörf sem til staðar er. Það hefur legið lengi fyrir. Það er einnig mikil eftirspurn í Svíþjóð en við erum ekki með samning þar,“ segir Rósa. Hún segir afleysingastörfin enn borga sig fjárhagslega, en ávinningurinn er einnig sá að hjúkrunarfræðingarnir læra mikið af því að fara út en drifkrafturinn eru launin.

Ótvíræður fjárhagslegur ávinningur

Grönn Hreiðarsdóttir svæfingahjúkrunarfræðingur fór í fyrsta skipti sem afleysingahjúkrunarfræðingur til Noregs árið 2012 og síðan hefur hún farið tvisvar til þrisvar á hverju ári til Noregs, í eina til tvær vikur í senn. „Ég byrjaði á þessu út af laununum og fyrst um sinn fékk ég ríflega ein mánaðarlaun fyrir tíu daga vinnu. Fólk veltir fyrir sér af hverju við erum enn að þessu vegna stöðu norsku krónunnar, en þetta er skammtileg tilbreyting. Ég væri ekki að þessu ef það væri ekki fjárhagslegur ávinningur. Svo finnst mér gott að komast aðeins í burtu og vinna í öðru umhverfi,“ segir Grönn, en hún er nýbúin að skrifa undir árssamning við afleysingar á svæfingadeild í Akershus í Noregi. Grönn segir svo mikla eftirspurn vera eftir hjúkrunarfræðingum, þá sér í lagi á gjörgæslu og í svæfingu, að hún fær tölvupóst nánast daglega um starfstilboð, en auk þess að vera á skrá hjá Sólstöðum er hún einnig á skrá hjá dönsku starfsmannaleigunni UniCare.





Helsti munurinn á því að vinna í Noregi miðað við Ísland er sá að þar er betri mönnun og minna álag á vöktum. Hrönn er í 80% starfi á Landspítala og nýtir vaktafrí og orlofsdaga til að fara til Noregs en að mati hennar er of mikið álag að vera í fullri vinnu á Landspítalanum. Aðspurð segir hún þetta fyrirkomulag henta sér vel og hún mæti skilningi hjá sínum yfirmönnum og sveigjanleika þegar á þarf að halda. Launin dugi einfaldlega ekki til hér heima.